



Alþingi

150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2024  
Tilvísun: 2405008 / 0.1.11

## Efni: Til umsagnar - Mál nr. 940 - Þingsályktunar um bókmenntastefnu fyrir árin 2024-2030

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn bendir á eftirtalin atriði sem mikilvægt er að bæta við í framtíðarsýn og tölusetta aðgerðaráætlun tengda bókmenntastefnu.

### Framtíðarsýn

Hér má bæta við: Fólk á öllum aldri hafi greiðan aðgang að margvíslegu lesefni, **m.a. í skólum og bóka-söfnum**, og að lestur sé sjálfsagður hluti af daglegu lífi ...

### Aðgerðaáætlun

#### 2. Endurskoðun regluverks

Tekið er undir endurskoðun regluverks um málaflokkinn, m.a. **endurskoðun bókasafnalaga nr. 150/2012**, en því til viðbótar þarf að **móta fjármagnaða bókasafnastefnu** til nokkurra ára.

Við endurskoðun á lögum um stuðning við útgáfu bóka á íslensku nr. 130/2018 verði bætt úr tvennu:

**Í fyrsta lagi:** Að stuðningur verði ekki veittur nema ritum hafi verið skilað til Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafns skv. lögum um skylduskil til safna 20/2002. Það myndi flýta fyrir skilum til safnsins, þannig að tölfræðigögn um útgáfuna yrðu fyrr aðgengileg.

**Í öðru lagi:** Benda má á að tilhneiging hefur verið til breyta tímariti í bók, vegna þess að gerð er krafa um að rit fái ISBN-númer, en tímarit eru með ISSN-númer. Lagt er til **að tímarit fá einnig stuðning**.

#### 3. Bætt tölfræði um bókaútgáfu

Mikilvægt er að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Landskerfi bókasafna beri ábyrgð á lykiltölfræði varðandi útgáfu í landinu. Öll önnur þjóðbókasöfn í heiminum hafa þessar skyldur og hafa með sér samstarf á þessu sviði sem Ísland tekur þátt í. Útgefin rit á Íslandi eiga að skila sér til Landsbókasafns – Háskólabókasafn á grundvelli laga um skylduskil nr. 20/2002 og skulu skráð í bókfræðigrunn Gegnis. Fullskráning íslenskrar útgáfu er á ábyrgð safnsins, sbr. lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn 142/2011 gr. 4.e, og það er jafnfram miðlæg skráning fyrir önnur bókasöfn í landinu. Safnið heldur úti vefnum *Íslensk útgáfuskrá* á vefslóðinni [utgafuskra.is](http://utgafuskra.is). Þar er birt tölfræði

um alla bóka- og tímaritaútgáfu á Íslandi. Stefnt er að því að ný útgáfa opni á árinu 2024. Efla þarf samstarf við útgefendur um skylduskil og endurskoða lög og reglugerð um skylduskil. Efla þarf Lbs-Hbs á þessu sviði og veita auknu fjármagni í að miðla þessum upplýsingum, sem nú þegar eru notaðar í ýmsum tilgangi og til rannsókna.

Við skilgreiningu á lykiltölfræði verði horft til samstarfs Norðurlandanna um menningartölfræði, s.s. Kulturanalys Norden, sem Ísland er aðili að, og einnig er nauðsynlegt að Hagstofa Íslands komi að málinu.

## 7. Gæðastarf í skólasöfnum

Tillögu um mótun stefnu um skólasöfn á öllum skólastigum og samstarf þeirra við almenningsbókasöfn er fagnað. Víða um land er slíkt samstarf öflugt innan sveitarfélaga, en annars staðar er það lítið eða ekki neitt. Mikilvægt er að mótaðar verði reglur eða staðlar um þjónustu bæði almennings og skólasafna, en slíkt verður að gerast í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, sem reka almenningsbókasöfn og flest skólasöfn. Skólasöfn í framhaldsskólum heyrja undir ríkið og þar þarf einnig að móta stefnu. Hér má bæta við samstarfsaðilum, sem gætu tekið þátt í slíkri vinnu s.s. Upplýsingum – félags bókasafns- og upplýsingafræða og námsbraut í upplýsingafræði við Háskóla Íslands og starfsfólki í skólasöfnunum.

## 14. Miðlun menningararfs

Bæta þarf Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og almennings- og skólasöfnum um allt land á lista yfir samstarfsaðila, en bókasöfnin taka þátt í fjölda samstarfsverkefna um miðlun menningararfs á hverju ári.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn veitir nú aðgang að 8,1 millj. síðna af íslensku efni á netinu. Þar er m.a. finna allar útgefna íslenskar bækur fram til 1870 og valin rit eftir þann tíma á vefnum [bækur.is](http://bækur.is), alls um 650 þús. blaðsíður. Öll íslensk dagblöð og tímarit fram til 1950 og stórt hlutfall dagblaða og tímarita eftir þann tíma á vefnum [timarit.is](http://timarit.is), 6,5 millj. blaðsíðna. Þá hafa handrit og einkaskjöl verið mynduð og gerð aðgengileg á vefnum [handrit.is](http://handrit.is), 850 þús. blaðsíður.

Þar að auki tekur safnið þátt í ýmsum samstarfsverkefnum um rannsóknir og miðlun menningararfs í gegnum Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista við Háskóla Íslands.

Afar mikilvægt er að menningar- og viðskiptaráðuneytið taki frumkvæði að því að skýra höfundarétt varðandi miðlun og nýtingu á þessu efni.

## 15. Bætt aðgengi að textasöfnum og máltækniáfurðum

Bæta þarf Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni á lista yfir samstarfsaðila. Í gagnagrunnum safnsins er gífurlegt magn tölvutæks efnis sem nýtist við íslenska máltækni. Ljóslesið efni á vefjunum [bækur.is](http://bækur.is) og [timarit.is](http://timarit.is) nýtist nú þegar við máltækni-verkefni. Einnig hefur Lbs-Hbs safnað íslenskum vefsíðum í samræmi við lög um skylduskil til safna nr. 20/2002, sjá [vefsafn.is](http://vefsafn.is). Skýra þarf höfundarétt varðandi miðlun og nýtingu á þessu efni, sjá einnig lið 14.

## 18. Fræðsla og ráðgjöf um höfundarétt

Gera þarf samninga milli heildarsamtaka rétthafa (FJÖLÍS) og bókasafna / annarra stofnana varðandi birtingu og miðlun á efni sem er í höfundarétti, í stafrænni endurgerð, sbr. [bækur.is](http://bækur.is) og [timarit.is](http://timarit.is). Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur einnig áhuga á að koma að samstarfi um kynningu og fræðslu varðandi höfundarétt, sérstaklega m.t.t. til nýrra miðlunarleiða og einnig varðandi vinnslu á textasöfnum og birtingu efnis í stafrænni endurgerð.

Lýst er ánægju með vinnu við bókmenntastefnuna, en þess er jafnframt óskað að tryggð verði aðkoma Bókasafnaráðs, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og jafnvel fleiri bókasafna að lokagerð hennar.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir  
landsbókavörður

(undirritað rafrænt)

\* Rafræn skilríki

Undirritað af: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

Tími: 07.05.2024 14:44  
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með  OneSign